



Kór

Haustönn 2023

Kennari:	Stefán Þorleifsson (SP) - stebbi@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Kórsöngur. Sungin er tónlist frá ólíkum tímаскеiðum tónlistarsögunnar. Þó er fókus á yngri tónlist á þessari önn. Sungið er frá einni og upp í fjórar raddir (SATB). S: Sópran A: Alt T: Tenór B: Bassi. Einnig munu hljóðfæraleikarar og einsöngvarar innan hópsins verða nýttir eins og kostur er. Æfingar eru einu sinni í viku og er mæting mikilvæg því þetta er hópstarf sem byggir á fjöldanum.

Undanfari: enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Fjölbreyttum raddgerðum og raddfærslum í flutningi tónlistar.

Ólíkum straumum og stefnum í tónlist.

Grunnatriðum í söng

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að læra á sína eigin rödd, raddbeiting.

Að hlusta eftir öðrum röddum samtímis eigin söng

Að fylgja stjórnun

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Miðla áfram tónlist til áheyrenda.

Vinna að sameiginlegum markmiðum hópsins.

Námsefni:

- Nótur fást útprentaðar hjá kórstjóra. Kórinn útvegar möppur fyrir nóturnar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikulegar æfingar fara fram skv. stundaskrá á þriðjudögum kl. 15:30-17:20

Námsmat byggir á þátttöku í æfingum og tónleikum.

Lokapróf áfangans er þátttaka á Jólatónleikum Kórs FSu þriðjudagskvöldið 28. nóvember í sal skólans.

Sérreglur áfangans:

Kórinn stefnir á ferð til Danmerkur á vorönn 2024. Þess vegna mun vinna haustannar taka mið af því að auk jólatónleikanna verður ferðin undirbúin.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 31. ágúst 2023. Stefán Þorleifsson